

Fimmtudaginn 13. október 1983.

Nr. 121/1982. **Dælubílar s/f**

(Guðmundur Pétursson hrl.)

gegn

Agli Stefánssyni

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. maí 1982. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda og að sér verði til dæmdur hæfilegur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann verulegrar lækkunar á tildæmdri fjárhæð í héraði.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms með þeirri breytingu, að frá dæmdri fjárhæð í héraði, 461.500.00 krónum, dragist innborgun Almennra Trygginga h/f 29. apríl 1982, sem var 100.000.00 krónur úr frjálsri ábyrgðartryggingu áfrýjanda, með vöxtum frá slysdegi svo og 51.000.00 krónur, er Almennar Tryggingar h/f greiddu sama dag vegna málskostnaðar í héraði. Endanleg dómkrafa stefnda fyrir Hæstarétti er því sú, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða 361.500.00 krónur ásamt vöxtum, eins og í dómsorði hins áfrýjaða dóms greinir. Þá krefst stefndi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál. Stefndi, sem hafði gjafsókn í héraði, fékk gjafvörn fyrir Hæstarétti með bréfi dóms— og kirkjumálaráðuneytisins 28. júní 1982.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður nýr útreikningur á örorkutjóni stefnda, gerður af Jóni Erlingi Þorlákssyni tryggingafræðingi 22. september 1983. Þá voru lagðar fram nýjar álitserðir Þóris Bergssonar, cand. act., frá 24. og 25. september 1983.

I.

Atvikum að slysi því, er stefndi varð fyrir 20. nóvember 1979,

er lýst í héraðsdómi. Þar er og lýst umbúnaði á vinnustað. Þykir með skírskotun til forsendna héraðsdóms mega staðfesta, að áfrýjandi sem vinnuveitandi stefnda beri gagnvart honum ábyrgð á afleiðingum slyssins. Þá ber og að fallst á það með héraðsdómi, að ekkert það sé fram komið í málinu, er bendi til, að stefndi eigi að einhverju leyti sök á tjóni sínu. Ber samkvæmt þessu að leggja bótaábyrgðina óskipt á áfrýjanda.

II.

Í héraðsdómi eru rakin þau gögn, sem fram hafa verið lögð í málinu um örorku stefnda ásamt áætlunum tryggingafræðings um tjón hans af völdum örorkunnar.

Samkvæmt örorkumati Björns Önundarsonar tryggingayfirlæknis, sem eigi hefur verið vefengt, er örorka stefnda af völdum slyssins 100% varanleg örorka.

III.

Stefndi er 100% öryrki vegna slyssins 20. nóvember 1979. Eru ekki efni til að lækka fébætur þær, sem héraðsdómur ákvað, en af hálfu stefnda hefur málinu ekki verið gagnáfrýjað. Verður héraðsdómur því staðfestur, en til frádráttar koma þær greiðslur, sem Almennar Tryggingar h/f greiddu eftir uppsögu dómsins í samræmi við kröfur stefnda fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, 65.000.00 krónur, sem renni í ríkissjóð. Gjafvarnarkostnaður stefnda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, 62.500.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Dælubílar s/f, greiði stefnda, Agli Stefánssyni, 361.500.00 krónur með 31% ársvöxtum frá 20. nóvember 1979 til 31. maí 1980, 35% ársvöxtum frá 1. júní 1980 til 2. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu þessa dóms og síðan til

greiðsludags með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Áfrýjandi greiði 65.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, sem renni rikissjóð. Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnda fyrir Hæstarétti, Gunnars M. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, 62.500.00 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. mars 1982.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. febrúar sl., hefur Egill Stefánsson, Hábergi 6, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu gegn Dælubílum s/f, Hléskógum 1, Reykjavík, og Almennum Tryggingum h/f, Reykjavík, til réttargæslu. Dómkröfur stefnanda á hendur stefnda, Dælubílum s/f, eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða skaðabætur og kostnað að fjárhæð kr. 1.282.000.00 með 31% ársvöxtum frá 20. nóvember 1979 til 31. maí 1980, með 35% ársvöxtum frá 1. júní s. á. til 2. júní 1981, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnað að skaðalausku skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en þann 7. maí sl. veitti dómsmálaráðherra stefnanda gjafsókn til höfðunar málsins.

Af hálfu stefnda, Dælubíla s/f, er krafist sýknu og málskostnaðar að mati dómsins. Til vara er krafist verulegrar lækkunar á stefnukröfunum.

Á hendur Almennum Tryggingum h/f eru engar kröfur gerðar, og gerir félagið ekki kröfur í málinu.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að stefndi sé að lögum skaðabótaskyldur vegna slyss, sem stefnandi varð fyrir þann 20. nóvember 1979, er hann féll af vinnupalli við einbýlishúsið að Grjótaseli 1 í Reykjavík, þar sem hann vann við dælingu steinsteypu í steypumót, en hann hafi unnið hjá stefnda, Dælubílum s/f. Til verksins hafi verið notuð sérstök bifreið, sem m. a. hafi verið út búin með gálga og dælu. Bifreiðin hafi verið eign stefnda, en stjórnandi hennar og yfirmaður stefnanda hafi verið Guðmundur Benediktsson, einn af eigendum hins stefnda félags. Bifreiðin hafi verið út búin þannig, að slanga hafi legið frá dælu bifreiðarinnar um gálga, sem sé áfastur bifreiðinni. Renni steypan um slöngu þessa í mótin. Tveir menn

vinni við tæki dælubifreiðarinnar. Annar sé við bifreiðina og stjórnari dælu-
 unni, en hinn sé þar nærstaddur, sem steypunni er rennt í mótin. Stjórnari
 hann hreyfingum gálkans og gefi stjórnanda dæluinnar merki um það, hve-
 nær hefja skuli dælingu og hvenær stöðva hana. Hafi hann í höndum lítið
 tæki til þess og gefi með því hljóðmerki. Stefnandi hafi umræddan dag
 verið við gálkann og hafi hann staðið á vinnupalli nálægt þeim stað, þar
 sem steypunni var rennt í mótin. Vinnupallurinn hafi verið myndaður úr
 þremur borðum, sem lágu samhliða ofan á þaksperrum innan við útveggja-
 mót, og hafi hvert borð verið 1“ x 6“ á breidd. Við slönguendann hafi
 verið eigandi hússins, Örn Jónsson trésmíðameistari. Hafi hann beint slöngu-
 endanum þangað, sem steypan átti að renna í mótin. Um kl. 17 umræddan
 dag hafi myndast stífla í slöngunni og komið á hana slinkur. Örn hafi misst
 takið á henni og hafi hún slegist með öllum sínum þunga í stefnanda með
 þeim afleiðingum, að hann kastaðist út fyrir steypumótin og féll til jarðar
 3.5 — 4 metra.

Stefnandi hafi verið fluttur í slysadeild Borgarspítalans, og kom þar í
 ljós við læknisrannsókn, að hann hafði hálsbrotnað og var lamaður frá
 hálsi og niður í tær. Samkvæmt örorkumati Björns Öndarsonar trygg-
 ingayfirlæknis, dags. 18. júlí 1980, sé stefnandi 100% öryrki frá slysdegi.

Bótaábyrgð stefnda byggir stefnandi á því, að vinnuskilyrði hafi verið
 ófullnægjandi, hættuleg og ólögmat. Vinnupallar hafi verið allt of mjóir,
 sbr. reglugerð nr. 204 frá 20. júlí 1972, 8. gr. c, 1. og 2. mgr. Handrið
 hafi vantað á þessa vinnupalla, sbr. 8. gr. c, 9. gr., 12. gr., næst síðasta
 og síðasta mgr. 13. gr., 14. gr. og 17. gr., 1. mgr., sömu reglugerðar.
 Vinnuljós hafi ekki verið í notkun, þótt dimmt væri orðið og dimmviðri,
 sbr. 4. gr. áður nefndrar reglugerðar. Hvassviðri hafi verið og skúraveður
 og hafi veðurskilyrði valdið því, að ófullkomin vinnuaðstaða varð enn
 hættulegri en ella. Vinnuveitanda stefnanda hafi borið að sjá um, að vinnu-
 aðstaða væri fullnægjandi, og hafi borið ábyrgð á því gagnvart honum.
 Þá hafi tækjabúnaður bifreiðarinnar verið ófullnægjandi og megi einnig
 rekja slysið til þess. Gálgin hafi sigið niður undan þunga slöngunnar með
 þeim afleiðingum, að slangan lagðist, og bugða kom á hana, svo hún hafi
 orðið stjórnanda hennar óviðráðanleg. Þá virðist slangan hafa verið of löng
 og því síður viðráðanleg, einkum ef stífla myndaðist, sem gat gerst. Stefn-
 andi hafi enga sök átt á slysinu og það hafi ekki verið í hans valdi að koma
 í veg fyrir það. Hann hafi staðið rétt að verki og framkvæmt vinnu sína
 eins og af honum hafi verið ætlast og við aðstæður, sem honum hafi verið
 lagðar til á vinnustað. Hann hafi verið almennur verkamaður, hann hafi
 ekki haft verkstjórnarvald og engin mannaforráð á vinnustað. Hann hafi
 í einu og öllu lotið forræði og verkstjórn vinnuveitanda síns, Guðmundar
 Benediktssonar, stjórnanda dælubifreiðarinnar. Í bréfi réttargæslustefnda,

dskj. nr. 10, sé bótaábyrgð viðurkennd, þó ekki skilyrðislaust. Þá sé mót-mælt ályktunum í skýrslu Öryggiseftirlits ríkisins um orsakir slyssins. Það sé ekki á valdi Öryggiseftirlitsins að slaka á kröfum, sem gerðar séu í áður-greindri reglugerð nr. 204 frá 1972 um vinnuaðstæður og öryggisútbúnað á vinnustöðum.

Í stefnu byggði stefnandi kröfur sínar einnig á því, að útbúnaður fyrir merkjagjöf milli stjórnanda gálgans og stjórnanda dæluunar hafi verið ó-fullkominn. Stefnandi féll frá þessari málsástæðu við munnlegan málflutning.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

1. Örorkubætur	kr. 1.000.000.00
2. Miskabætur	— 80.000.00
3. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum, fyrir heimilis-röskun og sérstaka umönnum og útgjöld í því sam-bandi	— 150.000.00
4. Bætur vegna kostnaðar við eignarhald og rekstur bifreiðar og vegna útgjalda, sem gagnert tengjast því, að stefnandi verður bundinn við hjólastól alla ævi	— 50.000.00
5. Fatatjón	— 1.500.00
6. Örorkuútreikningur	— 1.100.00

Um lið 1 segir lögmaður stefnanda svo:

Í örorkumatinu á dskj. nr. 7 er gerð grein fyrir meiðslum stefnanda af völdum slyssins og rakin sjúkrasaga hans fram á mitt ár 1980. Frá þeim tíma hefur engin breyting orðið til batnaðar. Stefnandi hlaut geigvænleg meiðsli í slysinu. Í fallinu kom hann niður á herðarnar og hlaut hálsbrot með mænusköddun. Lamaðist hann alveg fyrir neðan brjóst og getur ekki einu sinni hreyft fingur. Hann lá á Borgarspítala frá slysdegi til 21. janúar 1980. Síðan var hann vistaður í Grensásdeild spítalans, en hefur frá því dvöl hans þar lauk verið heima. Hann verður bundinn við hjólastól ævi-langt. Örorka af völdum slyssins er 100% til frambúðar.

Hinn 16. október 1980 gerði Jón Erlingur Þorláksson, cand. act., útreikninga á örorkutjóni stefnanda. Þeir útreikningar eru þegar orðnir úreltir vegna verðlagsþróunar í landinu. Meðal annars með hliðsjón af því og þar sem ætla má, að alllangur tími liði, uns endanlega fæst skorið úr ágreiningi um réttarstöðu stefnanda og bótaskýlt tjón, þótti óhjákvæmilegt að gera verulega hærri fjárkröfu skv. þessum lið en örorkutjónsútreikningurinn veitir tilefni til. Þann 27. janúar sl. reiknaði tryggingafræðingurinn út örorkutjón stefnanda að nýju. Þar segir svo: „Egill Stefánsson varð fyrir slysi

20. nóvember 1979 og slasaðist á hálsi. Hann er fæddur 25. ágúst 1950 og hefur því verið 29 ára á slysdegi.

Björn Öndurson, læknir, hefur í örorkumati, dags. 18. júlí 1980, metið örorku af völdum slyssins 100% varanlega örorku.

Um tekjur Egils næstu árin fyrir slysið hef ég eftirfarandi upplýsingar:

Árið 1976 eru launatekjur 1.967.217 skv. skattframtali. Það er um 21% hærra en meðaltekjur kvæntra verkamanna á því ári skv. úrtaksathugunum Þjóðhagsstofnunar.

Árið 1977. Þá telur Egill ekki fram (þ. e. á árinu 1978), enda fluttist hann til Svíþjóðar í september 1977 skv. upplýsingum eiginkonu hans.

Árið 1978. Egill dvaldi í Svíþjóð þar til í desember 1978. Upplýsingar um tekjur hans þar liggja ekki fyrir.

Árið 1979, sama árið og slysið varð. Samkvæmt skattframtali voru launatekjur Egils kr. 1.714.748, og eru þær allar frá fyrirtækinu Dælubílar. Hjá því fyrirtæki starfaði hann frá 3. september 1979, slasaðist þann 20. nóvember, en fékk laun til 2/3 1980 að því er framkvæmdastjóri fyrirtækisins, Oddur Benediktsson, upplýsir. Launin á skattframtalinu eru því fyrir 4 síðustu mánuði ársins 1979, og eru það allgóð laun á þeim tíma. Eiginkona Egils, Ólafía Magnúsdóttir, hefur tjáð mér, að fyrri hluta ársins 1979 hafi Egill unnið í fiskbúð. Reyndar er þess getið á skattframtali hans árið 1980, að hann hafi keypt fiskbúð og selt hana aftur á árinu 1979. En tekjur af starfi í fiskbúð koma engar fram á skattframtalinu.

Af framansögðu má ljóst vera, að það er mikið álitamál, hvernig áætla skuli tekjur Egils framvegis, ef slysið hefði ekki orðið. Ég hef valið þann kost að miða við mánaðarkaup í byggingavinnu samkvæmt texta Dagsbrúnar að viðbættum 75%. Á núgildandi texta eru það um 9.805 nýkr. á mánuði. Miðað við þær forsendur er áætlun um tekjur og þar með tekjutap af völdum slyssins sem hér segir, í nýkrónum:

	Áætlaðar tekjur og tekjutap
1. árið eftir slysið	58.150
2. árið eftir slysið	92.790
Síðan árlega	117.680

Höfuðstólsandviði vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi kr. 867.300.

Egill fékk slysadagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir tímabilið 21/2 — 31/7 1980, kr. 1.383.117. Frá 1. ágúst 1980 fær hann fullan örorkulífeyri, sem er nú 1.679 nýkr. á mánuði. Höfuðstólsandvirði dagpeninga

og slysalífeyris til 67 ára aldurs reiknast mér nema á slysdegi *kr. 155.400*.

Frá 1. september 1980 fær Egill tekjutryggingu frá lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins, og er hún nú 1.788 kr. á mánuði. Höfuðstólsandvirði tekjutryggingar til 67 ára aldurs reiknast mér nema á slysdegi *kr. 150.500*.

Auk þess greiðir Tryggingastofnunin barnalífeyri vegna þriggja barna, en ég reikna ekki höfuðstólsandvirði hans.

Við útreikning höfuðstólsandvirðis eru notaðir 13% ársvextir eins og í fyrri útreikningnum. Þá er miðað við dánarlíkur íslenskra karla samkvæmt reynslu árána 1966 — 1970 og sænskar örorkulíkur. Ekki er tekið tillit til launa í veikindaforföllum eða skatta.“

Í bréfi réttargæslustefnda á dskj. nr. 10 er gengist við bótaábyrgð á slysinu, þótt nokkur fyrirvari sé þar á gerður. Bótaábyrgð stefnda er einhlít og ekki efni til að sakast við stefnanda um slysið. Stefnandi fær til frambúðar örorkulífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins. Er þar um lífeyrisréttindi að ræða, sem þeir menn njóta, sem eru varanlegir öryrkjar umfram 75%. Ekki verður á það fallist, að verðmæti þessa lífeyrisréttar eigi að dragast að fullu frá útreiknuðu örorkutjóni stefnanda. Hins vegar er rétt, að við mat bóta skv. þessum lið verði litið til bótaréttar stefnanda frá almanna-tryggingum. Áætlaðar atvinnutekjur stefnanda eru lágar og hæpið að miða við þær alfarið til frambúðar. Stefnandi var 29 ára á slysdegi. Hann var nýfluttur heim frá Svíþjóð með fjölskyldu sína, en stefnandi er kvæntur, og eiga þau hjónin 4 börn, fædd 1969, 1973, 1974 og 1979. Má ætla, að stefnandi hefði lagt mikið á sig næstu árin við öflun húsnæðis, og er fráleitt að ætla, að duglegur maður og reglusamur á aldri stefnanda láti sér lynda svo lágar launatejur sem örorkulífeyrir er og nægir ekki einu sinni fyrir allra brýnustu heimilisnauðþurftum.

Um lið 2.

Orð eru til lítils um hinn óskaplega miska, sem stefnandi hefur orðið að þola og búa við ævilangt. Óhætt er að segja, að hér sé um að ræða hámark líkamlegra þjáninga og óþæginda og andlegrar raunar.

Um lið 3.

Stefnandi hefur orðið fyrir stórkostlegri röskun á stöðu og högum við slysið. Hann getur ekki sinnt neinu starfi. Hendurnar nýtast honum lítt eða ekki, þar sem allir fingur eru máttlausir. Honum er búið það hlutskipti eftir slysið að liggja í rúminu eða sitja í hjólastól og bíða. Hann getur lesið, horft á sjónvarp og hlustað á útvarp. Hann getur ekki hreyft sig hjálparlaust í rúminu. Konan hans verður að snúa honum og hagræða á 2ja stunda fresti. Meðal annars af þeim sökum er hún algerlega bundin við heimilið

og á þess engan kost að stunda störf utan þess. Kveðst konan örugglega hafa orðið sér úti um vinnu utan heimilis eftir fæðingu yngsta barnsins, ef eigi hefði komið til slysið og afleiðingar þess. Hér er því um mikla röskun að ræða fyrir hana og heimilið allt, beina og óbeina, fjárhagslega og ófjárhagslega.

Um lið 4.

Eftir að stefnandi kom heim af sjúkrahúsi, kom í ljós, að heimilið getur ekki verið án bifreiðar. Var því ráðist í það að festa kaup á nýrri, lítilli bifreið. Hjónin réðust og í það að festa kaup á parhúsi, sem var sérstaklega hannað fyrir íbúa í hjólastól. Með þessum bíl— og húskaupum bundu þau sér skuldabagga, sem virðist nær óviðráðanlegur. Bifreiðina hefur nú orðið að selja og kaupa aðra, notaða og ódýrari.

Um lið 5.

Fatnaður stefnanda, sem hann var í, er hann slasaðist, fór alveg forgörðum. Er þessi liður áætlaður.

Um lið 6.

Hér er um að ræða kostnað vegna dskj. nr. 8. Þá hækkar þessi liður um kr. 500.00 vegna kostnaðar vegna dskj. nr. 13. Kostnaður vegna örorkumats var greiddur úr slysatryggingunni.

Stefndi styður kröfu sína þeim rökum, að ekkert þeirra atriða, sem stefnandi tilgreini sem ófullnægjandi vinnuskilyrði, verði rakið til starfsmanna stefnda og af Öryggiseftirliti ríkisins sé talið, að um almennan og venjulegan útbúnað hafi verið að ræða, en byggingameistari hússins muni hafa séð um uppsetningu og frágang á vinnupöllum, þannig að jafnvel þótt um vanbúnað að þessu leyti hafi verið að ræða, þá sé það óviðkomandi stefnda og þeim mönnum, sem hann beri ábyrgð á skv. almennum reglum um húsbónðaábyrgð. Svo sem fram komi í skýrslum rannsóknarlögreglunnar, hafi það verið stefnandi sjálfur, sem stjórnaði steypuslöngunni, og hafi honum því borið, ef hann taldi um vanbúnað að ræða, að bera upp kvartanir við byggingameistara hússins, sem var á staðnum. Honum hafi því borið að gera sínar athugasemdir, áður en hann hóf að dæla steypu í mótin.

Í öðru lagi rökstyðji stefnandi kröfur sínar með því, að stífla hafi myndast í steypuslöngunni, sem bendi til ófullnægjandi tækja og búnaðar. Þessari röksemd sé algerlega mótmælt. Ekkert komi fram, sem bendi til þess, að um galla í tækjum hafi verið að ræða, og í framburði Arnar Jónssonar komi það fram, að endi slöngunnar hafi rekist í steypustyrktarjárnsnet og rennsli úr henni stöðvast af þeim sökum. Öryggiseftirlit ríkisins telji ekkert óeðlilegt við það, að stífla myndist í slöngunni, en þegar þrýstingurinn vaxi

og stíflan fari, þá vilji oft koma slinkur á slönguna. Það sé því ekki sjáanlegt, að vanbúnaði, sem stefndi beri ábyrgð á, sé til að dreifa. Í þriðja lagi hafi stefnandi verið óeðlilega staðsettur við starfið. Hann hefði ekki átt að þurfa að koma nálægt sjálfri slöngunni og þá hefði ekkert slys orðið. Í fjórða lagi hafi stefnandi viðurkennt fyrir dómi, að hann hafi ekki gefið merki um að stöðva dælingu, sem hefði mátt koma í veg fyrir slysið. Loks bendir stefndi á skýrslu Öryggiseftirlits ríkisins á dskj. nr. 5, þar sem segir: „Allar aðstæður voru ágætær, gangpallar á þaki breiðir. Veðurfar var slæmt, allt að rok með rigningu og farið að nálgast myrkur, lýsing ekki verri en almennt gerist við slíka vinnu. Slasaði var vanur í þessu starfi og talinn fær í því. Slasaða var strax komið á slysavarðstofu til læknameðferðar. Orsök slyssins tel ég falla undir óhappatilfelli ásamt veðurástæðum, sem orsökðu, að slasaði stóð nær slöngu en tilefni gaf til, til að vera í skjóli við upphækkunina.“

Fyrsta lið bótakröfunnar er mótmælt. Stefnandi hafi nær tvöfaldað fjárhæð þá, sem Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur reiknaði út á dskj. nr. 8 án annars rökstuðnings en þess, að mikil verðbólga sé í landinu. Þessum lið sé því algerlega mótmælt og á það bent, að stefnandi geri ekki ráð fyrir frádrætti vegna eingreiðslu og skattfrelsis bóta.

Annar, þriðji og fjórði liður í kröfugerð stefnanda sé í rauninni miska-bótakrafa, þótt stefnandi gefi þessum tölulíðum mismunandi nöfn. Öllum þessum liðum er mótmælt sem hreinum áætlunarfjárhæðum og örökstuddum.

Liðum 5 og 6 er ekki mótmælt tölulega séð.

Stefnandi hafi ekki gert grein fyrir frádráttarliðum, þ. e. bótum, sem hafa verið inntar af hendi upp í tjónið, bæði frá Tryggingastofnun ríkisins, vinnuveitanda, og greiðslum frá Almennum Tryggingum h/f vegna samningsbundinnar slysatryggingar. Í því sambandi sé vísað til dskj. nr. 10 til þeirra skýringa, sem þar koma fram. Þar séu boðnar fram fullnaðarbætur kr. 602.720.00 með fyrirvara um greiðsluskýldu.

Þá bendir stefndi á dskj. nr. 12, dags. 17. september 1981, sem er örorkutjónsútreikningur Þóris Bergssonar, þar sem frá eru dregnar bótagreiðslur til stefnanda og tekið tillit til lækkunar vegna eingreiðslu og skattfríðinda. Þar segir svo:

„Þér hafið beðið mig að athuga, hvernig mál stóðu varðandi bætur til Egils í október 1980. Einnig óskið þér endurútreikninga á örorkutjóni hans.

Í bréfi, dags. 21. október 1980, setti Gunnar M. Guðmundsson, hrl., fram svofellda bótakröfu fyrir hönd umbjóðanda síns, Egils Stefánssonar, vegna slyss þess, er hann varð fyrir 20. nóvember 1979:

1. Örorkubætur	kr. 52.253.000.-
2. Miskabætur	— 5.000.000.-
3. Örorkumat og örorkuútreikningar —	— 136.454.-

Hér er að sjálfsögðu um gamlar krónur að ræða.

Örorkubótaupphæðin er brúttóniðurstaða útreikninga Jóns Erlings Þorlákssonar, tryggingastærðfræðings, sem dags. eru 16. október 1980.

Jón hefur einnig reiknað út verðmæti bóta til Egils frá Tryggingastofnun ríkisins, nema verðmæti barnalífeyris vegna fjögurra barna Egils. Hins vegar reiknaði ég það verðmæti út með sömu forsendum og Jón Erlingur notar í útreikningum, dags. 28. október 1980. Auk þess höfðu Almennar Tryggingar hf. greitt Agli að fullu samkvæmt samningsbundinni slysaftryggingu launþega.

Verðmæti þeirra greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins, sem Egill átti rétt á vegna afleiðinga slyssins, námu þannig á slysdegi — samkvæmt útreikningum gerðum í sama mánuði og verðmæti vinnutekjutaps var reiknað út — eftirfarandi upphæðum.

Dagpeningar og örorkulífeyrir	gkr. 9.997.000.-
Tekjutrygging	gkr. 8.370.000.-
Barnalífeyrir	<u>gkr. 12.384.000.-</u>
Samtals	gkr. 30.384.000.-

Heildarupphæð greiddra bóta vegna samningsbundinnar slysaftryggingar var gkr. 15.846.240.-

Vinnuveitandi Egils, Dælubílar sf., hafði greitt honum í slysaun fyrst eftir slysið gkr. 1.010.110.-

Samtals hafa því greiðslur og verðmæti lífeyris til Egils vegna afleiðinga slyssins numið gkr. 46.331.350.-

Þar af voru þegar greiddar gkr. 16.856.350.- auk dagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins.

Í bréfi Almennra Trygginga hf. til Gunnars M. Guðmundssonar, hrl., dags. 31. október 1980, sem sent var „með öllum almennum fyrirvara“, er gerð grein fyrir álitum félagsins á stöðu mála þá.

Þar var gert ráð fyrir, að lækkan vegna skattfrelsis bóta yrði einungis 18%, sem er langt fyrir neðan það, sem þekkist í dómsiðkun, og ekki minnst á hagræði vegna eingreiðslu. Greiðsla vinnuveitanda til Egils virðist ekki hafa verið þekkt þá. Mér er í raun ekki unnt að segja neitt um, hversu mikið dómstólar hefðu lækkað brúttóverðmæti vinnutekjutaps vegna þessara tveggja lækkanarþátta. Líklegast þykir mér, að það hefði verið milli 20% og 30%. Sennilega 25%.

Niðurstaðan hefði þá orðið, að nettóvinnutekjutap næmi *gkr.* 39.189.750.- á slysdegi, en Egill hafði þegar fengið greiddar eða tryggingu fyrir í lífeyrisgreiðslum fjárhæð samtals að upphæð *gkr.* 46.331.350.-. Kostnaðarliðir námu *gkr.* 136.454.-.

Greiðslur að viðbættu verðmæti lífeyrisgreiðslna hefðu með þessari 25% forsendu orðið allmiklu hærri en nettóverðmæti vinnutekjutaps, þ. e.: $46.331.350,- \div 39.189.750,- \div 136.454,- = \text{gkr. } 7.005.146,-$.

Krafa Gunnars M. Guðmundssonar um miskabætur var *gkr.* 5.000.000,-, eða vel 2 milljónum króna lægri en þegar hafði komið í hlut Egils í bótum umfram verðmæti vinnutekjutaps.

Þótt notuð væri nokkru lægri frádráttarþrósentu vegna skattfrelsis og hagræðis af eingreiðslu, er ljóst, að bætur fyrir vinnutekjutap eru að fullu greiddar.

Ég tel endurútreikninga einungis vera tíma- og peningasóun að sinni, en mun að sjálfsögðu gera slíka endurútreikninga, ef þess verður óskað síðar.

Um miskann dæmi ég ekki ákveðið, en vil benda á, að *gkr.* 7.000.000,- umreiknaðar samkvæmt breytingum á vísitölu vöru og þjónustu svara nú til *gkr.* 10.415.000,-.

Í bréfi Almennra Trygginga hf. til Gunnars M. Guðmundssonar, sem áður er á minnst, er tekið fram, að fyrirtækið geti „...ekki án frekari athugunar fallist skilyrðislaust á þá skoðun yðar, að fyrirtækið Dælubílar sf. beri eitt óskoraða ábyrgð á slysinu ...“. Ég mun ekkert fjalla um þetta atriði, enda venja, þegar komið er í málaferli, að slíkt sé í verkahring lögfræðinga.“

III.

Í gögnum málsins kemur fram, að aðstæður á vinnustað voru þær, að stefnandi stóð uppi á vinnupalli, sem myndaður var úr þremur borðum, og var hvert borð 1“ x 6“. Vinnupallurinn var uppi á 2. hæð eða þaki hússins, og var aðeins halli á þakinu. Engin handrið voru á vinnupallinum. Verður því að telja, að öryggisbúnaði á vinnustað hafi verið verulega ábótavant, og hefur ekki verið gætt ákvæða í reglugerð nr. 204 frá 1972 um öryggisráðstafanir við byggingavinnu, 8. gr. c, 1. og 2. mgr., 9. gr., 12. gr., 6. og 7. mgr., 13. gr., 14. gr. og 17. gr., 1. mgr. Það má telja yfirgnæfandi líkur á því, að afleiðingar slyssins hefðu orðið mun minni en raun varð á, ef þessara reglna hefði verið gætt, og ber stefndi, Dælubílar s/f, sem vinnuveitandi stefnanda ábyrgð á því gagnvart honum.

Þá ber að líta á það, hvort stefnandi kunni sjálfur að bera einhverja ábyrgð á tjóni sínu. Stefndi heldur því m. a. fram, að stefnandi hafi staðið óþarflega nærri slöngunni og þannig tekið á sig áhættu umfram nauðsyn. Þegar slysið varð, var veður slæmt, hvasst og úrkoma. Farið var að

skyggja, og eina vinnuljósið kom frá götustaur rétt við bygginguna. Það er álit dómsins, að ekkert það hafi komið fram í málinu, sem bendi til þess, að stefnandi hafi staðið nær slöngunni en tilefni gaf til miðað við framangreindar aðstæður. Verður því ekki fallist á þessa málsástæðu stefnda. Þá er ósannað, að stefnandi hefði getað komið í veg fyrir slysið með því að gefa merki um, að dælingu skyldi hætt. Við mat á ábyrgð stefnanda ber og að hafa í huga, að stefnandi var lítt vanur í starfi, en hann hafði aðeins unnið hjá stefnda í u. þ. b. 1½ mánuð, þegar slysið varð.

Þegar framangreind atriði eru virt, þykir ósannað, að stefnandi hafi tekið á sig óþarfa áhættu, sem hann beri ábyrgð á. Það er því niðurstaða dómsins, að stefndi, Dælubílar s/f, beri óskipta ábyrgð á tjóni stefnanda.

Verður nú fjallað um bótafjárhæðina:

Um lið 1. Þegar tjón skv. þessum lið er metið, þykir rétt að leggja til grundvallar örorkutjónsútreikning Jóns E. Þorlákssonar tryggingafræðings, dags. 27. janúar 1982, kr. 561.400.00, þegar frá hafa verið dregnar örorkubætur frá Tryggingastofnun ríkisins og tekjutrygging. Frá þesari fjárhæð dragast enn fremur bætur úr samningsbundinni slysatryggingu, kr. 158.462.80, og greidd laun eftir slysið, kr. 10.101.10. Með hliðsjón af þeirri málsástæðu stefnda, að lækka beri kröfu stefnanda skv. þessum lið vegna skattfrelsis bótanna og eingreiðsluhagræðis, svo og vegna greiðslu barnalífeyris þykir þessi liður hæfilega ákveðinn kr. 260.000.00.

Um lið 2, 3 og 4. Rétt þykir að taka þessa liði saman, þar sem þeir fela allir í sér kröfu um miskabætur. Þessum liðum hefur stefndi öllum mót-mælt sem of háum. Þegar virt eru meiðsli stefnanda og sjúkrasaga sem og varanleg áhrif slyssins á heimilishagi stefnanda og fjölskyldu hans, þykja bætur samkvæmt þessum liðum hæfilega ákveðnar kr. 200.000.00.

Um lið 5. Þessum lið hefur ekki verið andmælt tölulega, og verður hann því tekinn til greina að fullu.

Um lið 6. Þessum lið hefur ekki verið andmælt tölulega, og verður hann því tekinn til greina að fullu, en kostnaður þessi telst til málskostnaðar.

Samtals er óbætt tjón stefnanda skv. framansögðu kr. 461.500.00. Vaxta-kröfu stefnanda hefur ekki verið andmælt sérstaklega, og dæmast því vextir, eins og krafist er, af dæmdri fjárhæð.

Eftir úrslitum þessa máls ber að dæma stefnda til að greiða málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 51.100.00. Þar af renna kr. 50.000.00 til skipaðs talsmanns stefnanda, Gunnars M. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns.

Sigríður Ólafsdóttir, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Ragnari Ingimarssyni verkfræðingi og Magnúsi Guðjónssyni húsasmíðameistara.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Dælubílar s/f, greiði stefnanda, Agli Stefánssyni, kr. 461.500.00 með 31% ársvöxtum frá 20. nóvember 1979 til 31. maí 1980, en með 35% ársvöxtum frá 1. júní s. á. til 2. júní 1981, en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 2. mars 1982, en síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 51.100.00 í málskostnað. Þar af renni kr. 50.000.00 til skipaðs talsmanns stefnanda, Gunnars M. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 17. október 1983.

Nr. 7/1982. **Þorgeir Gunnlaugsson og
Hagtrygging h/f**

(Hjörtur Torfason hrl.)
gegn

Jóni Kristni Höskuldssyni
(Jóhann Þórðarson hdl.).

Bifreiðar. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 13. janúar 1982. Þeir krefjast aðallega sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir lækkunar á kröfum stefnda og að málskostnaður verði látinn falla niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Á þeim tíma, er atvik máls þessa gerðust, höfðu ekki verið lagðar gangstéttir við Kjarrhólma. Vettvangsuppdráttur sá, sem lagður er fram í málinu, sýnir breidd götunnar frá húsaröð sunnan götu að